

Sveitarfélagið Skagafjörður
Sæunn Kolbrún Þórólfsdóttir
Skagfirðingabraut 17
550 Sauðárkrókur

Reykjavík, 12. apríl 2023
UST202303-358/A.B.
10.04.02

**Efni: Vinnslutillaga – Breyting á aðalskipulagi Skagafjarðar 2020 – 2035 –
Íbúðarbyggð á Sauðárkróki – Sveinstún**

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Sveitarfélagsins Skagafjarðar er barst 30. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um vinnslutillögu á breytingu á aðalskipulagi Skagafjarðar 2020 – 2035 fyrir íbúðarbyggð á Sauðárkróki – Sveinstún.

Í greinargerð kemur fram að breytingin er tvíþætt og felur í sér stækkun íbúðabyggðar ÍB-410 til suðurs inn á hluta skógræktar- og landgræðslusvæðis SL-402. Fjöldi nýrra íbúða íbúðarsvæðisins fer úr 50 íbúðir í 85. Sá hluti SL-402 sem eftir stendur verður hluti af opnu svæði OP-401 og stækkar því OP-401 úr 4,2 ha í 6,2 ha.

Umhverfisstofnun hefur farið yfir ofangreinda vinnslutillögu og gerir ekki athugasemdir við hana.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson
sérfræðingur
Björn Stefánsson
sérfræðingur